

## Stjórnháttaryfirlýsing Íslenskra fjárfesta hf.

Stjórn Íslenskra fjárfesta hf. hefur ákvarðað eftirfarandi stefnu varðandi stjórnarhætti í samræmi við 3. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002.

Íslenskir fjárfestar hf. fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland. Enn fremur hafa Íslenskir fjárfestar hf. að leiðarljósi kjörorð sín: trúnaður, öryggi og traust.

Stjórnháttaryfirlýsing þessi er birt á heimasíðu félagsins og ársskýrslu.

Fram kemur í leiðbeiningum frá Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland að stjórnendur hafi ákveðið svigrúm til að víkja frá einstökum atriðum þeirra og í þeim tilfellum skýra frá ástæðum fráviks. Íslenskir fjárfestar hf. víkja frá þessum atriðum leiðbeininganna:

Vegna smæðar félagsins er m.a. vikið frá eftirfarandi liðum í ofangreindum leiðbeiningum:

1.1 um að upplýsa um aðalfund á heimasíðu félagsins þegar dagsetning og tímasetning hefur verið ákveðin.

3.1 að fyrir liggja starfslýsing um störf og ábyrgð stjórnarformanns.

6.2 um upplýsingar um birtingu um hluthafafundi félagsins og fundargerðir þeirra á vefsíðu félagsins. Einnig birtir félagið ekki ársreikninga né skýrslur stjórnar á vefsíðu sinni.

Félagið hefur fengið undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu varðandi útvistun innri endurskoðunnar, liður 2.7.

Stjórn Íslenskra fjárfesta hf. hefur ekki sett sér skrifleg viðmið um siðferði né stefnu um samfélagslega ábyrgð félagsins eins og fram kemur í lið 2.10.